

Re: Umsagnarbeiðni. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 672 : 2023020096 - Grænigarður -  
Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði

**Til** : Skipulag <skipulag@isafjordur.is>;Harpa Grímsdóttir <harpa@vedur.is>;Skrifstofa <skrifstofa@vedur.is>;Erla Margrét Gunnarsdóttir <erla@isafjordur.is>  
**Frá** : Magni Hreinn Jónsson <magni@vedur.is>  
**CC** : Hlíf Sævarsdóttir <hlifsae@vedur.is>;Sigrún Karlsdóttir <sigk@vedur.is>  
**Heiti** : Re: Umsagnarbeiðni. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 672 : 2023020096 - Grænigarður - Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði  
**Málsnúmer** : 2023020096  
**Málsaðili** : Vestfirskir verktakar ehf.  
**Skráð dags** : 09.06.2026 13:35:35  
**Höfundur** : Magni Hreinn Jónsson <magni@vedur.is>

Viðhengi [image001.png](#)[image001.png](#)

Sæl Helga

Húsið er á C-svæði skv. ofanflóðahættumati fyrir Ísafjörð. Snjóflóð eru tíð úr Seljalandshlíð og er þessi reitur sá sem er rýmdur hvað oftast vegna snjóflóðahættu á Íslandi. Um nýtingu hættusvæða C segir í 21. grein reglugerðar 505/2000 með síðari breytingum:

*„Heimilt er að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna.“*

Gerð hefur verið úttekt á möguleikum á vörnum fyrir atvinnusvæði á Íslandi. Fjallað er um Grænagarð í þeirri skýrslu, niðurstaðan er að ekki svarar kostnaði að verja húsið og segir:

*„Allt svæðið er á hættusvæði þar sem C-línan nær langt út í sjó. Rýmingar eru tíðar og snjóflóð úr farvegum ofan við húsinn eru einnig tíð. Erfitt og dýrt er að koma við vörnum fyrir húsinn öll. En mögulegt er að verja Steiniðjuna með punktvörn en ekki atvinnusvæðið við húsið. Það besta í stöðunni er að reyna að draga úr notkun annarra húsa og svæðisins þegar til lengri tíma er lítið.“*

Það er heimilt að viðhalda húsum á C-svæði og gera á þeim endurbætur enda auki þær ekki viðveru fólks. Í því ljósi ætti að vera í lagi að setja stálstiga utan á húsið.

Það að útbúa 8 geymslubil í húsinu getur samræmst skilyrðum reglugerðarinnar ef einungis er um geymslur að ræða og viðvera fólks mjög lítil. Það er samt hætt við því að starfsemi í bilunum verði meiri en bara geymsla en mjög mörg dæmi eru um aukna starfsemi og meiri starfsemi en upphaflega stóð til í byggingum á ofanflóðahættusvæðum á landinu. Það getur einnig gert rýmingar erfiðari eftir því sem fleiri ótengdir aðilar eru með starfsemi í húsinu.

Verðurstofan telur að þrátt fyrir að heimilt sé að breyta atvinnuhúsnæði þannig að starfsmönnum fjölgi ekki þurfi að fara varlega í uppbyggingu á svæðinu og ætti til lengri tíma lítið að reyna að draga úr starfseminni. Mörg dæmi eru um meiri viðveru í húsum á hættusvæðum en heimil er. Ef leyft verður að stúka af geymslur þarf að tryggja eins og hægt er að viðvera fólks verði lítil og starfsemi aukist ekki seinna meir.

Kveðja,  
Magni Hreinn Jónsson  
fagstjóri ofanflóðahættumats

---

**Frá:** Skipulag

**Sent:** föstudagur, 5. júní 2026 11:35

**Til:** Harpa Grímsdóttir ; Skipulag ; Skrifstofa ; Erla Margrét Gunnarsdóttir

**Afrit:** Magni Hreinn Jónsson ; Hlíf Sævarsdóttir ; Sigrún Karlsdóttir

**Efni:** RE: Umsagnarbeiðni. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 672 : 2023020096 - Grænigarður - Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði

Sæl, verið þið

Mig langar að minna á umsagnarbeiðni okkar.

Takk fyrir og góða helgi!

**Helga Þ. Magnúsdóttir**

verkefnastjóri á tæknisviði

Ísafjarðarbær

450 8027 - [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Ísafjarðarbær hefur hlotið [jafnlaunavottun](#).

[Fyrirvari um meðferð tölvupósts. Disclaimer.](#)

---

**Frá:** Harpa Grímsdóttir

**Sent:** föstudagur, 15. maí 2026 13:47

**Til:** Skipulag ; Skrifstofa ; Erla Margrét Gunnarsdóttir

**Afrit:** Magni Hreinn Jónsson ; Hlíf Sævarsdóttir ; Sigrún Karlsdóttir

**Efni:** Re: Umsagnarbeiðni. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 672 : 2023020096 - Grænigarður - Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði

Takk fyrir, þetta er móttekið.

---

**Frá:** Skipulag <[skipulag@isafjordur.is](mailto:skipulag@isafjordur.is)>

**Sent:** miðvikudagur, 13. maí 2026 16:13

**Til:** Skrifstofa <[skrifstofa@vedur.is](mailto:skrifstofa@vedur.is)>; Erla Margrét Gunnarsdóttir <[erla@isafjordur.is](mailto:erla@isafjordur.is)>

**Afrit:** Harpa Grímsdóttir <[harpa@vedur.is](mailto:harpa@vedur.is)>; Magni Hreinn Jónsson <[magni@vedur.is](mailto:magni@vedur.is)>

**Efni:** Umsagnarbeiðni. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 672 : 2023020096 - Grænigarður - Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði

Góðan dag

Skipulags- og mannvirkjanefnd bókaði á fundi sínum í dag, 13. maí:

**2023020096 - Grænigarður - Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði**

*Garðar Sigurgeirsson leggur fram fyrirspurn f.h. Vestfirskra Verktaka vegna breyttrar notkunar á Grænagarði. Óskað er eftir því fá að setja 8 nýjar innkeyrsluhurðir á hús ásamt því að hólfa neðri hæð niður á þann hátt að útbúin séu 8 sjálfstæð geymslubíl. Eins er óskað eftir því að fá að setja stálstiga niður frá svölum hússins. Jafnframt eru lagðir fram uppdrættir í vinnslu frá Eflu dags. 27. desember 2022.*

*Þar sem ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið og að húsnæðið sé innan snjóflóðalínu er óskað eftir afstöðu nefndarinnar vegna málsins.*

Skipulags- og mannvirkjanefnd getur ekki tekið afstöðu til erindis fyrir en það liggur fyrir hver notkun á rýmnum verður og áætlaður fjöldi starfsmanna dags daglega með hliðsjón af því að mannvirkið er innan hættusvæðis C, nefndin óskar jafnframt eftir umsögn Veðurstofu Íslands.

Hér með er óskað eftir umsögn Veðurstofu Íslands, þar sem mannvirkið er innan hættusvæðis C, á Grænagarði í Skutulsfirði.

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar er [@Erla Margrét Gunnarsdóttir](#)

Með fyrirfram þökk.  
f.h. skipulagsfulltrúa



**Helga Þuríður Magnúsdóttir**  
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði  
Ísafjarðarbær  
450 8000 - [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Ísafjarðarbær hefur hlotið [jafnlaunavottun](#) og [silfurvottun EarthCheck](#).  
[Fyrirvari um meðferð tölvupósts. Disclaimer.](#)